

## Fyrirspurn

til matvælaráðherra um makríl.

Frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni.

1. Áformar ráðherra að takmarka geymsluheimild á kvóta makríls við 15% vegna síðasta árs? Ef svo er, hvers vegna er sú ákvörðun tekin?
2. Hversu mikil gæti skerðingin á útflutningsverðmætum orðið samanborið við fulla geymsluheimild?
3. Hvert yrði áætlað tjón vegna minni tekna fólks sem starfar við makrílveiðar og vinnslu auk hafnargjalda og annarra beinna og óbeinna áhrifa?
4. Hvaða sveitarfélög myndu líða mest fyrir minni geymsluheimild?
5. Í ljósi þess að Noregur og Færeyjar juku einhliða hlutdeild sína í heildarmakrílkvóta milli áráanna 2020 og 2021, má ekki vænta þess að með takmörkun á geymsluheimild veiki Ísland samningsstöðu sína til langs tíma?
6. Í ljósi nýs samnings milli Noregs og Færeyja um gagnkvæmt aðgengi til veiða í lögsögu þeirra, sem lengir veiðitímabilið mjög umfram það sem Ísland hefur, má ekki vænta þess að staða Íslands veikist enn frekar?
7. Telur ráðherrann það ekki fela í sér neikvæð skilaboð að þjóðir sem tóku sér aukakvóta hafi ávinning af því en Íslendingum sé refsað fyrir að gera það ekki?
8. Kallar ekki færsla makríls úr íslenskrri lögsögu á meira svigrúm til geymslu kvóta frekar en minna?
9. Má ekki vænta þess að færeyskar útgerðir styrki enn frekar stöðu sína á kostnað þeirra íslensku þegar kemur til samninga um makrílstofninn með tilliti til veiðireynslu í ljósi þess að Færeyingar eiga eftir um 35% makrílkvótans og þarlend stjórnvöld hafa heimilað geymslu á öllum óveiddum makríl sem er 57.000 tonn og þeir tóku sér 60.000 tonna aukakvóta á síðasta ári og leyfðu því færslu 95% viðbótarkvótans milli ára?
10. Telur ráðherra ekki mikilvægt að hægt sé að haga veiðum þannig að sem mest af makrílheimildum sé nýtt þegar fiskurinn er verðmætastur og líklegastur til að fara í vinnslu og skila þannig meiru til fólksins sem vinnur fiskinn, byggðarlaganna og þjóðarbúsins?
11. Er ekki mikilvægt að veita hærri geymsluheimild en sem nemur 15% og geyma eftirstöðvar milli ára, eins og ráðherrar sjávarútvegsmála hafa ítrekað gert í krafti laga, nú þegar ljóst virðist að umfang heimildarinnar getur haft veruleg áhrif á hagsmuni Íslands og margra byggðarlaga til framtíðar?

**Skriflegt svar óskast.**